

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2007, fimmtudaginn 20. september var haldinn 277. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Duushúsi í Keflavík og hófst kl. 08:45. Mættir: Anna Kristindóttir formaður, Ingi Þór Hermannsson, Páll Grétarsson, Ragnar Örn Pétursson, Ingvar S. Jónsson, Sigurður Guðmundsson, Björn Árni Ólafsson og Jóna Kristín Þorvaldsdóttir. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki gerðar athugasemdir.
2. Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 3. júlí sl. þar sem tilkynnt er að Ingvar S. Jónsson hafi verið kosinn fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar í Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
3. Lagðar fram fundargerðir rekstrarstjórnar nr. 30 og 31.
4. Rætt um gerð þjónustusamnings. Lagt er til að tekið verði í vinnu við þjónustusamning að börn á grunnskólaaldri þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins fái frítt á skíðasvæðin frá áramótum 2007/2008 til reynslu til tveggja ára. Jafnframt var samþykkt að undirbúningsvinnu við snjóframleiðslu verði áframhaldið.
5. Framkvæmdastjóri kynnti forsendur rekstraráætlunar fyrir árið 2008. kl. 09:45 vék Ingi Þór Hermannsson af fundi.
6. Framkvæmdastjóri kynnti framkvæmdaáætlun 2008-2012.
7. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála á skíðasvæðunum.
8. Lagt fram bréf Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar dags. 13. sept. sl. þar sem fram kemur að á fundi borgarráð 6. sept. sl. hafi verið samþykkt að Innri endurskoðun hafi verið falið innri endurskoðun hjá Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Fundi slitið kl. 10:30.

Anna Kristinsdóttir

Ragnar Örn Pétursson
Ingvar S. Jónsson
Sigurður Guðmundsson
Björn Árni Ólafsson

Ingi Þór Hermannsson
Páll Grétarsson
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir